

10. fundur stjórnar SSA 18. – 19. ágúst 2016

Fundurinn hófst 18. ágúst kl. 18.30 að Álíheimum á Borgarfirði eystra með kvöldverði. Vinna hófst að honum loknum, kl. 20.30 en gert var hlé á fundinum kl. 23.20 en honum framhaldið kl. 8.30 19. ágúst. Hádegisverður var kl. 11.30. Mættir voru Sigrún Blöndal, Hákon Hansson, Andrés Skúlason, Stefán Grímur Rafnsson, Eydís Ásbjörnsdóttir og Jón Björn Hákonarson. Margrét Guðjónsdóttir boðaði forföll og sat Jakob Sigurðsson fundinn í hennar stað.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála, sem ritaði fundargerð.

1. SB kynnti fyrirkomulag fundarins og kynnti fyrsta mál á dagskrá sem voru tillögur stjórnar SSA að ályktunum fyrir aðalfund SSA 2016. Verkefnisstjóra falið að senda drögin til sveitarfélaga til kynningar og fylgja þeim eftir með fundum.
2. Undirbúningur fyrir aðalfund. Gengið frá tillögum til starfsnefnda, skipan formanna starfsnefnda, kynntar tilnefningar til menningarverðlauna og JBH og EÁ falið að tala við heiðursgesti. Þá samþykkti stjórn skýrslu sína fyrir ársskýrslu 2015.
3. Önnur mál.
 - 3.1. Tillögur nefndar um nýjar úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Austurlands. Gestur: Skúli Björn Gunnarsson. Samþykkt að fresta þessum lið fram yfir hádegisverð.
 - 3.2. Tveir nýir fulltrúar í úthlutunarnefnd (nýir formenn fagráða). SB kynnti breytingar á formönnum fagráða; Ingvi Þorsteinsson tekur við formennsku í fagráði menningar og Þorbjörg Jónsdóttir tekur við formennsku í fagráði atvinnu og nýsköpunar. Formaður úthlutunarnefndar verður Skúli Björn Gunnarsson.
 - 3.3. Viðmiðunarlaunatafla fyrir sveitarstjórnarmenn. Lagt fram til kynningar.
 - 3.4. Ýmis mál.
 - 3.4.1. Fundargerð frá 9. stjórnarfundi SSA. Lögð fram til samþykkis.
 - 3.4.2. Fundargerðir frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Eyþingi og frá stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál. Lagðar fram til kynningar.
 - 3.4.3. Fundargerð frá HAUST – Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Lögð fram til kynningar.

- 3.4.4. Drög að dagskrá byggðaráðstefnu á Breiðdalsvík. Lögð fram til kynningar. Stjórn SSA hvetur sveitarstjórnarmenn til þátttöku í fundinum.
- 3.4.5. Starfs- og fundaáætlun vegna nýrrar byggðaáætlunar. Lögð fram til kynningar. Starfshópur byggðastofnunar stendur fyrir fundi með samráðsvettvangi og sveitarstjórnarmönnum 5. október nk. á Egilsstöðum kl. 16.00-18.45. Þá verður byggðaþing í Reykjavík 27. september nk. Formaður og verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála munu sitja það þing.
- 3.4.6. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Lagt fram til kynningar.
- 3.4.7. Ísland ljóstengt – Útboðsskylda. **Stjórn SSA harmar að enn skuli ekkert bóla á nýjum reglum vegna úthlutunar á styrkjum til ljósleiðaravæðingar Íslands á hausti komandi. Sveitarfélög eru nú í óða önn að undirbúa sínar áætlanir og ef ramminn um þessa vinnu liggur ekki fyrir tefst þetta mikilvæga verkefni enn. Vinnulag þetta er með öllu óásættanlegt.**
- 3.4.8. Greinargerð um framkvæmd fræðslustarfs Austurbrúar. Lagt fram til kynningar.
- 3.4.9. Erindi frá Einari Vilhjálmssyni. Stjórn felur verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála að vísa málinu áfram til fræðslu- og félagsmálastjóra landshlutans.
- 3.4.10. Lokun neyðarbrautar og afsal ríkisins á landi innanlandsflugvallar til Reykjavíkurborgar. **Stjórn SSA lýsir yfir gríðarlegum vonbrigðum með þann farveg sem hið opinbera hefur sett málefni innanlandsflugvallar í Reykjavík í. Samhliða þessum afdrifaríku ákvörðunum, hafa yfirvöld ekki lagt fram neina áætlun eða stefnu um það hvernig tryggja eigi öryggi og heilsu íbúa á Austurlandi og um land allt. Það er skýlaus krafa að úr því verði bætt án tafar.**
- 3.1. Tillögur nefndar um nýjar úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Austurlands. Gestur fundarins var Skúli Björn Gunnarsson, nýr formaður úthlutunarnefndar. Hann greindi frá vinnu nefndarinnar sem unnin var í samráði við verkefnisstjóra Uppbyggingarsjóðs og menningarfulltrúa, jafnframt var lögð fram skýrsla með tillögum. Umræður og endurgjöf frá stjórn. SBG gerir ráð fyrir að skila endanlegum tillögum fyrir fund stjórnar í september.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 20. september á Egilsstöðum. Fundi slitið kl. 13.20.



Sigrún Blöndal

Jón Björn Hákonarson

Jakob Sigurðsson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Andrés Skúlason

Stefán Grímur Rafnsson

Hákon Hansson

50

The logo features the letters 'SSA' in a stylized, blue, blocky font. To the right of 'SSA' is a blue circle containing the white number '50'.

1966-2016